

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

06. tbl. • Júní 2002



FYRIRTÆKJA-
STEFNUMÓT
í umsjón Impru

NORRÆNN
HEILBRIGÐISTÆKNI-
VETTANGUR



Tugir erlendra og innlendra
lækna, verkfræðinga
og vísindamanna kynna
verkefni á sýningunni

KYNNINGAR
og viðburðir
á sýningarsvæði



Health Technology & Science
Exhibition 2002



Heilbrigði tækni & vísindi

Smáralind Kópavogi
19. til 21. júní 2002

SÝNING TIL STUÐNINGS BÖRNUM Á ÍSLANDI

Allur ágóði sýningarinnar rennur til kaupa á lækningatækjum
fyrir börn og barnabörn Íslands í samvinnu við Lionsklúbbinn
Fjörgyn og Barnaspítala Hríngsins

ALÞJÓÐLEGA
RÁÐSTEFNAN
12 NBC 2002



FUNDUR
IRC MEDICAL
THEMATIC GROUP

Stofnun starfsgreina-
hóps í heilbrigðis-
tækni iðnaði innan
Samtaka iðnaðarins



VIP-FUNDIR
og kynningar
í lúxus-sal



ÍSLENSKA ÞJÓÐIN
sameinar krafta sína 19. til 21. júní

Um ávinninginn af ESB aðild

Mikið hefur verið rætt og ritað um kostnaðinn af ESB aðild. Margir hafa talið að aðildargjöldin, sem Íslenska ríkið kemur til með að greiða til ESB, séu það sem málið snýst um. Því fer fjarrí. Til að leiðrétta þann misskilning er nauðsynlegt að leggja heildarmat á ávinninginn af ESB aðild þótt hann sé vissulega háður óvissuatriðum.

Sameiginleg mynt eykur hagvöxt

Í frægri grein hagfræðinganna Jeffrey Frankel og Andrew Rose kemur fram að ríki, sem hafa tekið upp sameiginlega mynt, þrefölduðu útflutning sinn til ríkja á myntsvæðinu og juku hagvöxt varanlega.¹⁾ Mælingar Frankel og Rose benda til þess að eins prósentustigs vöxtur í útflutningi hækkar hagvöxt á mann sem nemur 0.3 prósentustigum. Niðurstaða þeirra er því sú að umtalsverð jákvæð áhrif fylgja aðild að sameiginlegu myntsvæði.

Meginástæðan fyrir þessum áhrifum er sú að sameiginleg mynt eyðir gengisáhættu, auðveldar verðsamburð, eykur samkeppni og dregur úr ýmsum kostnaði. Slíkt bætir stöðu fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni og stuðlar að meiri útflutningi. Lægri vextir hafa jafnframt hvetjandi áhrif á fjárfestingar. Allt leggst þetta á eitt um að auka hagvöxt.

Þetta er í samræmi við hið langa og þaulhugsaða ferli ESB ríkjanna að taka

upp sameiginlega mynt, sem lyktaði með því að evran var tekin í umferð í tólf ríkjum ESB í ársbyrjun 2002. Sú breyting tókst vonum framfar. Nýlegar skoðanakannanir benda til að meirihluti almennings í Svíþjóð og Danmörku vilji taka upp evruna. Breska ríkisstjórnin er að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um evruna á næsta ári. Ástæðna er að leita í því hagræði sem fylgir evrunni sem stuðlar að auknum hagvexti.


Fleiri jákvæðir þættir við aðild

Jákvæð hagvaxtaráhrif af ESB aðild eru einnig fyrirsjáanleg í tengslum við þær víðtæku breytingar sem nú eiga sér stað í stofnanagerð hagkerfa aðildarlandanna og auka hagræði á svæðinu í heild. Til dæmis eru ESB löndin að samræma fjármálakerfi sín og skattlega meðferð af starfsemi fyrirtækja sem starfa á svæðinu í heild. Flest rök benda til að slík samræming hafi jákvæð áhrif á starfsemi fyrirtækjanna og auki hagkvæmni á svæðinu. Þó er ekki verið að samræma skattlagningu innan einstakra landa og því eru skattar innan ESB til dæmis lægstir á Írlandi en hæstir í Svíþjóð.

Þá hefur hin sameiginlega efnahags- og peningastjórn, sem byggist á Sáttmálanum um stöðugleika og hagvöxt og tekur sérstakt tillit til aðstæðna heima fyrir, leitt til aukins stöðugleika í efnahags- og fjármálum bæði í einstökum löndum og á svæðinu í heild. Ef hægir á eftirspurn í einu landi myntsvæðis er reynslan sú að sterk eftirspurn annars staðar jafni út sveifluna. Slíkra áhrifa gæti einnig í fjármálakerfinu. Þegar fjármálakreppa geisadi í heimsbyggðinni árið 1998 hélst vaxtastig stöðugt í Finnlandi sem þá var aðili að myntbandalaginu. Á sama tíma ruku vextir upp í Noregi og Svíþjóð, með auknum kostnaði fyrir fyrirtæki og almenning. Aðalsmerki evrunnar er því stöðugleiki sem birtist í lágu vaxtaálagi, jafnvel þegar á móti blæs.

Merkilegur árangur ESB þjóðanna

Þessar rannsóknir og röksemdafærslur eru í fullu samræmi við reynslu ESB þjóð-



anna. Eins og myndin sýnir hefur hlutfall útflutnings af landsframleiðslu ESB ríkjanna nær tvöfaldast á síðustu þremur áratugum. Glæsilegur árangur minni aðildaríkjanna er áberandi í samanburði við Ísland og Noreg, en útflutningur þeirra stóð í stað og hagkerfi þeirra opnuðu sig ekki að ráði. Því er rökrétt að álykta að ESB aðild og upptaka evrunnar hafi einnig umtalsverð jákvæð áhrif hér á landi.

Ávinningurinn af ESB aðild

Samkvæmt útreikningum SI gæti kostnaður í hagkerfinu lækkað um allt að 44 milljarða við inngöngu í ESB og upptöku evrunnar. Þar kemur fram að aðildargjöldin eru bara einn þáttur af mörgum í heildarmyndinni. Áætlað er að víðtæk lækkan á verði vöru og þjónustu, þ.á.m. vöxtum í bankakerfinu, auki hagvöxt varanlega um 0,4% ári vegna meiri fjárfestingar og útflutnings. Ef þetta hóflega mat gengur eftir mun ESB aðild auka þjóðartekjur um allt að 60 milljarða á næstu tveimur áratugum. Sjá nánar „Um áhrif evrunnar á hagvöxt á Íslandi“ á vefsetri Samtakanna www.si.is.

Þörf á þjóðarsátt

Til að stuðla að upplýstri umræðu um kosti og galla ESB aðildar og evrunnar hefur verið gerð tilraun til að leggja heildstætt mat á áhrif þeirra á hagvöxt. Hér er um nokkra getsþá að ræða en vonandi heldur sú athugun áfram. Brýnt er að sem flestir hagsmunadilar komi að þeirri vinnu þannig að þjóðarsátt geti náðst um niðurstöðuna. Vel ígrunduð niðurstaða um efnahagsleg áhrif ESB aðildar og evrunnar auðveldar okkur að taka skynsamlega ákvörðun í þessu mikilvæga máli.

*Borsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur SI*

1) Jeffrey Frankel og Andrew Rose, "An Estimate of the Effect of Common Currencies on Trade and Income," *Quarterly Journal of Economics*, maí 2002.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

06. tbl. Júní 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 10.06. 2002

Prentvinnsla: Prentækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 511 5555, fax: 511 5566

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er fjálfald að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilfellum.

**Barnasmiðjan ehf. fyrst íslenskra fyrirtækja
til að fá vottun skv. staðlinum EN 1176:**

Brautryðjendastarf í þágu barna

Barnasmiðjan ehf. í Reykjavík hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir metnað til að vinna samkvæmt ströngustu öryggiskröfum. Í lok síðasta árs varð Barnasmiðjan fyrst íslenskra fyrirtækja til að fá vottun samkvæmt staðlinum EN 1176 um leikvallasvæði en hann skiptist í nokkra kafla. Grunnstaðallinn fjallar um almennar öryggisreglur og prófunaraðferðir en aðrir kaflar m.a. um uppsetningu, eftirlit og viðhald svo og ýmsar tegundir leiktækja.

Árið 1993 hlaut Barnasmiðjan, fyrst íslenskra fyrirtækja, viðurkenninguna „Öryggi barna á okkar ábyrgð“ fyrir markvissa stefnu í framleiðslu á leiktækjum. Meðal þeirra sem stóðu að viðurkenningunni eru Foreldrasamtökin, Landlæknisembættið, Slysavarnarfélag Íslands og Umferðarráð.

Stofnendur Barnasmiðjunnar og eigendur eru hjónin Elín Ágústsdóttir, leikskólakennari og Hrafn Ingimundarson, vélfræðingur. Þau voru einu starfsmenn fyrirtækisins fyrstu tvö árin en nú eru starfsmenn 8 til 14 eftir árstíðum. Barnasmiðjan sérhæfir sig í að hanna og framleiða útileiktæki og barnahúsgögn undir vörumerki sem ber heitið Krummagull. Auk þess rekur Barnasmiðjan heildverslun sem hefur sérhæft sig í innflutningi kennslugagna fyrir grunn- og leikskóla og rekur einnig verslun með góð og þroskandi leikföng. Þá eru ráðgjöf og prófanir vaxandi þáttur í starfsemi Barnasmiðjunnar og í því skyni hefur fyrirtækið komið sér upp prófunarbúnaði skv. EN 1176 og 1177.

Ekki unnt að afla vottunar fyrir leiktæki hér á landi

Að sögn þeirra Elínar og Hrafns var ekki hlaupið að því að fá vottun fyrir framleiðsluna þar sem enginn íslenskur vottunaraðili annast úttektir skv. EN 1176 staðlinum um leikvallasvæði en hann gildir hér á landi eins og í öðrum Evrópulöndum. Þau segjast snemma hafa gert sér grein fyrir að fyrirtæki, sem framleiddi vörur fyrir börn og ætlaði að hasla sér völl á því sviði, yrði að afla sér slíkrar vottunar enda fæli hún í sér neytendavernd.

Elín og Hrafn segjast hafa farið fyrst á stúfana til að afla sér vottunar árið 1994 þegar þau leituðu til þáverandi iðnaðaráðherra og ræddu einnig við ráðgjafa í ráðuneytinu. Þeim varð þó lítt ágengt því að þau fengu ekki einu sinni leiðbeiningar um hvert þau gætu snúið sér í þessu efni. „Við fórum því að vinna í málinu upp á eigin spýtur enda var farið að krefjast þess að leiktæki uppfylltu tiltekinn staðal og til þess þurfti vottun.“

Leitað til erlendra vottunaraðila

Við þrýstum á að íslensk vottunarstofa tæki verkið að sér en gáfumst upp á endanum og sendum tækin til Danmerkur og gerum enn í dag til að fá úttekt skv. EN 1176. Mjög algengt er að fólk geri ekki greinarmun annars vegar á CE merkingu fyrir leikföng og leiktæki til einkanota og hins vegar EN 1176 merkingu sem tekur til leiktækja ætluðum til almenningsnota. „Okkur var því ekki stætt á öðru en að leita til útlanda. Við höfðum samband við danskt fyrirtæki sem kom okkur í samband



við tengla til að koma vottuninni í kring og fengum að lokum fyrstu umsögnina, sem var mjög góð, árið 1998 og vottunina veturinn 1999 til 2000 skv. staðlinum EN 1176 en sú vottun tekur til alls sem snertir hönnun, framleiðslu, viðhald og birgja. Við getum því ekki keypt efni frá hvaða birgja sem er og það er því sérpantað fyrir okkur. Það tók tvö ár að útvega rétta efnið og efnisbirgðirnar eru því jafnan miklar.“

Langt og kostnaðarsamt ferli en vel þess virði

„Frá því að við hófumst handa við að afla fyrirtækinu vottunar og þar til hún var í höfn liðu alls 5 ár og nú erum við í góðum málum. Reyndar er þetta verk svo viðamikilið að við fengum verkfræðinema úr Háskólanum til að vinna að þessu með okkur og þeir reiknuðu út arðsemina af að fjárfesta í ýmsum tækjum. Nú er allra upplýsinga um vöruna aflað með stafrænum hætti til að tryggja að allt sé eins nákvæmt og ætlat er til. Við sendum vottunaraðila svo upplýsingarnar til að hann geti gengið úr skugga um að allt sé eins og vera ber. Það er að verða hálf starf að viðhalda staðlinum. Þetta er langt ferli en vottunarfylling gerir öllum fyrirtækjum gott. Þetta er mikil skólan í því hvernig haldið er á verki og haldið utan um það.“

Mesta auðlind fyrirtækisins

Þegar spurt er um kostnaðarhliðina

framhald bls. 4



Reykjavíkurborg og HarpaSjöfn sameinast gegn veggjakroti



Veggjakrot í höfuðborginni er orðið að alvarlegu vandamáli sem sér ekki fyrir endann á að öllu óbreyttu. HarpaSjöfn hf. og Reykjavíkurborg hafa nú gert með sér samkomulag um sameiginlegt átak í upphafi sumars til að sporna gegn veggjakroti sem setur miður fall-egan svip á höfuðborgina. Með átakanu ætla borgaryfirvöld að vinna skipulega að því að færa Reykjavík í „sparifötin“ á ný. Ætla má að það kosti borgaryfirvöld, húseigendur og fyrirtæki milljóna tugi fyrir að hreinsa veggjakrot af húsum, mannvirkjum og vegvísam.

Í samningi Reykjavíkurborgar og Hörpu Sjafnar, sem undirritaður var í Höfða þriðjudaginn 7. maí sl., segir m.a.: „HarpaSjöfn leggur Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkur (ÍTR) til 2.000 lítra af málningu til átakans. Unglingar á vegum Reykjavíkurborgar munu vinna við þetta átak strax og þeir hefja sumarvinnu sína í júní.“

Málningarverksmiðjan HarpaSjöfn, sem er eitt elsta iðnfyrirtæki Reykjavíkur, vill með þessum hætti leggja sitt af mörkum til þess að sem mestur árangur náist í glím- unni við veggjakrot.

Það er von Reykjavíkurborgar og Hörpu Sjafnar að þetta hreinsunarátak hvetji eigin- dur fasteigna, sem hafa orðið fyrir bard- inu á veggjakroti, til að láta til skarar skriða gegn þessari sjónmengun með því að mála og hreinsa veggjakrot af mannvirkjum nú í upphafi sumars. Auk þess er ósk þeirra að allir þeir, sem stunda veggjakrot, láti af þeim sið að úða málningu án tillits til þess hve útlits- og fjárhagslegt tjón af völdum þess getur orðið alvarlegt.

Samninginn undirritaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, fyrir hönd borg- arinnar og Helgi Magnússon, fram- kvæmdastjóri, fyrir hönd HörpuSjafnar.

Frekari upplýsingar veita: Ómar Einars- son, ÍTR, í síma 510 6600 Helgi Magnús- son, Hörpu Sjöfn, í síma 892 4744

Barnasmiðjan ehf.

fh. af bls. 3

svara þau Hrafn og Elín að allt sé afstætt. „Þegar allt er talið hefur allt vottunarferlið kostað fyrirtækið um 15 milljónir króna en að frátöldum kostnaði við vélar, sem við þurftum á að halda, er kostnaðurinn u.þ.b. 8 milljónir króna en að halda vottuninni við kostar um tvær milljónir króna á ári. Um það er ekkert val því að kaupandinn verður að geta treyst því að tækin séu örugg og við verðum að geta sýnt fram á

það. Við lítum svo á að vottunin sé okkar mesta auðlind. Við höfum fengið margar viðurkenningar fyrir góðar vörur og hefð- um til dæmis ekki fengið 11 milljóna króna verkefni á ári næstu þrjú ár frá Reykjavík- urborg ef við hefðum ekki vottun. Við berum virðingu fyrir faglegum vinnu- brögðum og slysin verða færri í tækjum okkar en ella og það er mikilvægt en við verðum e.t.v. ekki peningalega ríkari. Við-



Nýir félagsmenn SI

Stjörnugrís hf.

Vallá

116 Reykjavík

Svínaslátturhús og kjötvinnsla

Litalíf ehf.,

Kirkjuteigi 7

230 Keflavík

Málningarfyrirtæki (múr- og trévið- gerðir)

Verktakar Magni ehf.

Hæðasmára 6

200 Kópavogi

Jarðvinnuverktaki

RSNP ehf.

Höskuldarnesi

675 Raufarhöfn

Vinnuvélaeigandi

Esja ehf, kjötvinnsla

Dugguvogi 8

104 Reykjavík

Almenn kjötvinnsla fyrir mötuneyti

og veitingahús

Annata hf.

Mörkinni 6

108 Reykjavík

Sala á hugbúnaði, ráðgjöf og

almenn þjónusta í upplýsingatækni- iðnaði

skiptavinir okkar eru mjög kröfuharðir og setta sig ekki nema við það besta. Eftirlits- kerfið er líka að taka við sér. Þegar flutt voru inn tæki sem ekki uppfylltu staðalinn krafðist Löggildingarstofan þess að seld tæki yrðu innkölluð og það er gott að kerfið er virkt.“

Dóra Kristín Jónsdóttir

Gutenberg á 21. öld

Í byrjun janúar sl. voru formlega sameinaðar Prentsmiðjan Grafík og Stein-dórsprent Gutenberg, en sameiningin hafði verið á döfnni síðan á haustdögum 2001. Þá var jafnframt ákveðið að fyrirtækið yrði til húsa að Síðumúla 16 í Reykjavík og það bæri framvegis nafnið Gutenberg, en eins og menn vita var Jóhannes Gutenberg einn af upphafsmönnum prentlistarinnar. Um 80 manns munu starfa hjá fyrirtækinu.

Íslenskur iðnaður tók nýlega hús á þeim Gutenbergsmönnum þar sem þeir fögnuðu sameiningunni. Sverrir Hauksson, framkvæmdastjóri Gutenbergs, var spurður hvað ynnist með sameiningu af þessu tagi og hver hefði verið forsenda ákvörðunarinnar. Sverrir sagði grundvallaratriðið vera betri nýtingu á vélum og húsnæði og alhliða sparnað í rekstri. „Við seldum nokkrar vélar þannig að þær, sem við höldum eftir, nýtast betur. Þá seldum við einnig 1400^{m²} húsnæði og húsnæðið í Síðumúlanum nýttist því vel en með þessu aukum við eigið fé fyrirtækisins og verðum þar með betur undir það búin að takast á við verkefni framtíðarinnar.“

Hörð samkeppni

Sverrir sagði einnig að ekki hafi verið hjá því komist að fækka starfsfólki þar sem nauðsynlegt sé að nýta það eins og best verður á kosið. Það sé eitt af grundvallaratriðunum til að fyrirtækið sé samkeppnishæft á markaðinum. Sverrir benti jafnframt á að íslensk prentfyrirtæki ættu ekki einungis í samkeppni við fyrirtæki á innanlandsmarkaði heldur einnig við prentsmiðjur í nágrannalöndunum. „Íslenskar prentsmiðjur eru í bullandi samkeppni við erlendar um verk af öllu tagi og til að



standast snúning í slíkri baráttu þurfa menn sífellt að vera á varðbergi.

Aukin þjónusta

Það sem við teljum þó að skipti mestu máli, hvað þessa sameiningu varðar, er staða okkar gagnvart viðskiptavinum okkar, sem fá nú enn betri þjónustu. Við höfum sameinað mikið afl í allri vinnslu og getum brugðist við með mjög skjóttum hætti þegar það á við. Þá eru gæði í allri vinnslu okkar til mikillar fyrirmyndar og við höfum sett upp ferli innan fyrirtækisins sem heldur utan um þau,“ sagði Sverrir.

Sverrir lagði áherslu á að framtíðin í þessum iðnaði byggðist að miklu leyti á samskiptum við fólk. Í Gutenberg líti menn fram á veginn og ætli sér að standast þær kröfum sem viðskiptavinirnir setja fram. „Gutenberg verður fyrirtæki fyrir framsækið fólk og þá viðskiptavini sem gera kröfur um gæði, þjónustu og hraða. Fyrirtækið mun í framtíðinni vinna með viðskiptavinum sínum að þróun á vöru og þjónustu þannig að breytingar og hugmyndir frá þeim verða teknar inn í framleiðsluferlið. Við skorum á fólk og fyrirtæki að hafa samband við okkur eða koma hingað í Síðumúlan og kynna sér hvað við höfum að bjóða og hverjir koma að ferli þeirrar þjónustu sem við veitum,“ sagði Sverrir að lokum.

Samtök iðnaðarins óska Gutenberg til hamingju með sameininguna og góðs gengis í metnaðarfullri markaðssókn.

Haraldur Dean Nelson



si.is

Vefsetur íslensks iðnaðar
og Samtaka iðnaðarins

Eini vefur sinnar tegundar á Íslandi

iðan.is

Veldu þér framtíð



Matartíminn – markaðstorg

Matartímanum 2002, markaðstorgi framleiðenda matvæla og efnavöru innan Samtaka iðnaðarins, var frestað frá 30. maí fram í byrjun september.

Þess er vænst að allir þeir, sem höfðu skráð sig til þátttöku í Matartímanum í maí verði með í september og fleiri til. Markhópurinn verður að einhverju leyti annar en til stóð í vor, þ.e. lögð verður meiri áhersla á mótuneyti bæði í skólum, fyrirtækjum og stofnunum en sumarveitingastaði. Haft verður samband við væntanlega þátttakendur í Matartímanum áður en aðal sumarleyfistími gengur í garð til að ganga frá þátttöku. Nánari upplýsingar veitir Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, brynjar@si.is.

Staðan í Evrópuverkefnunum *Partners for Life og Fellows for Industry*

Evrópuverkefni Partners for Life og Fellows for Industry hafa nú staðið í hálfri annað ár. Af því tilefni voru haldnir fundir í samstarfshópum beggja verkefna í síðasta mánuði. Í Partners for Life hefur verið lögð mikil áhersla á að leggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum lið við að skilgreina hugmyndir að verkefnum og leita að heppilegum samstarfsaðilum.

Liður í því starfi er að allar þátttökurkin hafa tekið saman yfirlit yfir starfsemi í sínu landi í þeim greinum sem verkefnið nær til, þ.e. matvæli, líftækni, heilbrigðistækni og lyfjaiðnað. Á vefsetri Samtaka iðnaðarins www.si.is er að finna yfirlit yfir starfsemi í þessum greinum á Íslandi. Samstarfsleit heldur áfram og nú er verið að taka saman leiðbeiningar til fyrirtækja um það hvernig best er að bregðast við áhuga-verðri samstarfsleit.

Sjötta rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun hefst í byrjun næsta árs. Styrkir til CRAFT verkefna verða með mjög svipuðu sniði og verið hefur nema hætt verður að bjóða umsóknastyrki (Exploratory Award). Gert er ráð fyrir að fyrsti skilafrestur fyrir CRAFT umsóknir verði í byrjun árs 2003. Þeir, sem eru með hugmyndir að CRAFT verkefnum, ættu að stefna eindregið að því að vera snemma á ferðinni vegna þess að búist er við mikilli ásókn en fjármagn er af skornum skammti.



Fellows for Industry miðar að því að veita fyrirtækjum og einstaklingum aðstoð við að finna heppilega samstarfsaðila og sækja um styrki innan Marie Curie áætlunar ESB til að stunda vísindastörf í öðrum löndum. Í 6. rammaáætluninni verður lögð aukin áhersla á hreyfanleika sérfræðinga milli landa og heimshluta og verulegu fjármagni verður veitt í Marie Curie styrki. Þar er því eftir miklu að slægjast.

Bæði Partners for Life og Fellows for Industry verða kynnt á heilbrigðistækni-sýningunni í Smáralind 19.-21. júní nk. Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir, ragnheidur@si.is.

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!

Starfsafl og Landsmennt

Þjónusta við iðnfyrirtæki



Starfsafl og Landsmennt, starfsmenntasjóðir ófaglærðra, ljúka í haust öðru starfsári sínu. Markmið sjóðanna er að stuðla að aukinni hæfni starfsfólks og efla samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Verkefni, sem starfsmenntasjóðirnar

hafa styrkt, skipta mörgum tugum. Ýtt hefur verið úr vör samstarfsverkefnum fyrirtækja og félaga um ólík verkefni en meginmarkmið þeirra allra er að stuðla að bættri framleiðni vinnuafis ófaglærðra. Verkefni hafa m.a. verið unnin innan byggingariðnaðar, málmiðnaðar, matvæla- iðnaðar og verksmiðjuíðnaðar.

Ástæða er til að hvetja fyrirtæki í iðnaði til að kanna hvaða þjónustu Starfsafl og Landsmennt bjóða.

Sjá nánar: www.starfsafl.is, s. 510 7543; www.landsmennt.is, s. 562 6480.

Ingi Bogi Bogason

Aðalfundur Meistarafélags Suðurlands

Aðalfundur Meistarafélag Suðurlands var haldinn á Selfossi 30. maí sl. Á fundinum gerði formaður félagsins, Sigurður Sigurðsson, grein fyrir starfinu. Í stjórn félagsins hafa verið Sigurður Sigurðsson, formaður, Guðmundur Óskarsson, varaformaður, Hjálmar Gunnarsson, gjaldkeri og Hilmar Þ. Björnsson, ritari.

Í ræðu formanns kom fram að félagið hefur nú gert samning við Samtök iðnaðarins um að sjá um daglegan rekstur þess og að tengiliður SI við félagið er Eyjólfur Bjarnason. Stjórnarfundir félagsins hafa að undanförmu verið haldnir mánaðarlega og hefur starfsmaður SI mætt á þá.

Við yfirferð reikninga félagsins kom fram að rekstur félagsins er í jafnvægi en nokkuð vantar á að félagsmenn standi í skilum með félagsgjöld.

Á fundinn mætti Eyjólfur Bjarnason starfsmaður SI og MFS. Hann ræddi um væntanlega endurskoðun á skipulags- og byggingarlögum og ýmsa vankanta sem væru á þeim lögum. Jafnframt sýndi hann nýja útgáfu af Taxta II en í nýju útgáfunni er m.a. hægt að reikna út tilboð í smærri verk og útbúa einingarverð.

Á fundinum var jafnframt kjörin ný stjórn. Sveinn Pálsson var kjörinn formaður, Agnar Pétursson varaformaður, Guðmundur Óskarsson ritari og gjaldkeri hinnar nýju stjórnar er Hjálmar Gunnarsson. Meðstjórnendur voru kjörnir þeir Sigurður Sigurðsson og Hilmar Þ. Björnsson.

Eyjólfur Bjarnason

Salaskóli hlýtur viðurkenningu fyrir vísindamiðstöð



Nemendur Salaskóla og gestir fylgjast með afhendingu viðurkenningarinnar

Salaskóli, nýjasti skólinn í Kópavogi, hlaut í gær viðurkenningu og 200.000 krónur fyrir að hafa stofnað sérstaka vísindamiðstöð fyrir nemendur. Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar stendur að viðurkenningunni. Guðbjörg Sigurðardóttir, aðstoðarmaður Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra, afhenti Hafsteini Karlssyni, skólustjóra, viðurkenninguna í viðurvist nemenda, kennara, vísindamanna og prófessora í raungreinum.

Hafsteinn þakkaði viðurkenninguna og sagði mikilvægt fyrir nýjan skóla að hlotnast slíkur heiður. Tilraun um vísindamiðstöð hefði aðeins staðið í fáeina mánuði en

gefest vel. Það væru ekki aðeins nemendur sem sýndu henni mikinn áhuga heldur einnig foreldrar.

Bergþór Þormóðsson, formaður Hagsmunafélagsins, ávarpaði nemendur og hvatti þá til að leggja rækt við stærðfræðinámið. Ekki síst hvatti hann stúlkurnar til að gefa raungreinum sérstakan gaum.

Hagsmunafélagið veitir árlega viðurkenningu þeim sem hafa lagt fram sérstakan skerf á sviði raungreina. Í fyrra hlutu viðurkenninguna þau Anna Kristjánsdóttir, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, Ari Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands og Meyvant Þórólfsson, kennsluráðgjafi.

Ingi Bogi Bogason

Stefnumótun stjórnar:

Evrópumálin efst á blaði

Stjórn, ráðgjafaráð, formenn og stjórnir aðildarféлага SI hafa undanfarið unnið að því að endurskoða stefnu og þau mál sem leggja ber megináherslu á í starfi Samtaka iðnaðarins. Verkefnið var unnið á nokkr-

um vinnufundum og tóku fjölmargir félagsmenn þátt í þeirri vinnu. Hópurinn skilgreindi rúmlega 40 áhersluverkefni sem hann síðan raðaði í forgangsörð eftir mikilvægi og væntanlegum áhrifum á árangur

og starfsskilyrði í iðnaði.

Eftirfarandi 10 verkefni urðu efst í forgangsörðun hópsins en nánari upplýsingar um öll verkefni 40 er að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins, www.si.is:

Forgangsörð	stig
1 Evra í stað krónu Markmið: Að evra verði tekin upp í stað krónu í kjölfar inngöngu Íslands í ESB vegna hagkvæmni sem því muni fylgja, m.a. að vextir á Íslandi verði jafnháir og í samkeppnislöndum.	140
2 Kynning á íslenskum iðnaði Markmið: Að skipulagðir verði fjölmargir dagar iðnaðarins fyrir starfsgreinar innan SI í þeim tilgangi að efla innra og ytra kynningarstarf SI, aðildarfyrirtækja og fagfélaga.	130
3 Samkeppnisstaða iðnaðarins Markmið: Að fá fram samanburð við önnur lönd - varðandi kostnað, vexti, vaxtamun, launaþróun, verðbólgu, o.s.frv.	116
4-5 Aðild að ESB - Evrópuumræðan Markmið: Að Ísland verði aðili að ESB. Unnið verði samkvæmt sérstakri áætlun sem gerir ráð fyrir kynningu, blaðaskrifum, ráðstefnum og öðrum ráðum til þess að koma á framfæri upplýsingum til að efla upplýsta umræðu og vinna málinu framgang.	114
4-5 Efling tæknimenntunar á Íslandi Markmið: Að efla tæknimenntun og stuðla að því að tæknimenntun verði gert jafnhátt undir höfði og viðskiptamenntun.	114
6 Laða að erlend hátæknifyrirtæki Markmið: Að laða til landsins hátæknifyrirtæki til að auka hagvöxt, styrkja íslensk fyrirtæki sem fyrir eru og auka atvinnumöguleika menntaðs fólks.	110
7 Löggilding starfsréttinda og starfsheita Markmið: Að gera fólk með iðn-, tækni- eða verkmenntun að eftirsóttum starfskrafti og iðnaðinn þar með að eftirsóttum starfsvettvangi. Að marka stefnu SI og aðildarféлага um hvernig beri að standa að þessu m.a. með tilliti til þess hvert stefna beri varðandi löggildingu starfsréttinda og löggildingu starfsheita.	109
8 Arðsemi opinberra framkvæmda Markmið: Að sjá til þess að framkvæmdir á vegum opinberra aðila taki mið af arðsemi.	102
9 Aukin framleiðni - hagnýt viðmið Markmið: Að auka framleiðni í íslenskum iðnaði. Gert verði átak á vegum SI í framhaldi af könnun sem gerð hefur verið til að auka framleiðni í íslenskum iðnaði. Benchmarking: Haldið verði á lofti fregnum af velgengni innlendra og erlendra fyrirtækja. Aukin verði þekking stjórnenda til að virkja starfsmenn í hverju fyrirtæki.	94
10 Samkeppnisstaða íslensks iðnaðar - hagræðing í rekstri Markmið: Að hagræða og skapa hagkvæmar einingar í íslenskum iðnaði til að tryggja samkeppnisstöðu gagnvart erlendri samkeppni. Laga- og regluumhverfi þarf að auðvelda fyrirtækjum að sameinast og skýra þarf leikreglur fyrirtækja sem ná markaðsráðandi stöðu.	91

Auk þessara 10 meginverkefna má nefna fjögur sem voru ofarlega á forgangslista stjórnar SI en höfnuðu í næsta hópi forgangsverkefna.

- 1 Áframhaldandi barátta fyrir lækkun vaxta
- 2 Öflugur tækniþróunarsjóður
- 3 Tölfræði og lykiltölur iðnaðar og starfsgreina innan SI
- 4 Skýrar vinnureglur um opinber innkaup